

REGLUGERÐ

um gerð íláta undir hættuleg efni og merkingu þeirra.

1. gr.

EDIKSSÝRA

Á ílátum undir edikssýru, sem er 5—15% að styrkleika, skal vera **gulur merkimiði**. Á merkimiðanum skal auk nafns framleiðanda (seljanda) greina heiti vörunnar og styrkleika í hundraðshlutum. Á merkimiða mega ekki vera myndir eða merki önnur en nafnmerki fyrirtækis.

Á ílátum undir edikssýru (5—15%) skulu enn fremur vera eftirtalin varnaðarmerki:

Varnaðarmerki B: VARÚÐ—HÆTTULEGT

(sbr. viðauka 1)

Varnaðarmerki C: HÆTTULEGT AÐ NEYTA ÓPYNNT

(sbr. viðauka 1)

Varnaðarmerki F: VARÚÐ—Geymið þar, sem börn ná ekki til.

(sbr. viðauka 1)

2. gr.

TERPENTÍNA (þar á meðal „White Spirit“).

Terpentínu má ekki selja í ílátum, sem notuð eru undir matvæli eða lyf.

Ef terpentína er seld í smásölu í glerflöskum, skulu þær vera sexstrengdar og/eða rífflaðar og með tryggilegum tappa. Ef terpentína er seld í smásölu í plast-ílátum, skulu þau vera með öðrum lit en hvítum (þar á meðal glærum) eða gulum og með tryggilegum tappa.

Á ílátum undir terpentínu skal vera **gulur merkimiði**. Á merkimiðanum skal auk nafns framleiðanda (seljanda) greina heiti vörunnar. Á merkimiða mega ekki vera myndir eða merki önnur en nafnmerki fyrirtækis.

Á ílátum undir terpentínu skulu enn fremur vera eftirtalin varnaðarmerki:

Varnaðarmerki B: VARÚÐ—HÆTTULEGT

(sbr. viðauka 1)

Varnaðarmerki E: Má ekki geyma hjá eða hella í ílát, sem notuð eru undir

(sbr. viðauka 1) matvæli eða lyf. Geymið þar, sem börn ná ekki til.

3. gr.

BLEIKIVATN (blæklór, bleikiklór).

Bleikivatn (blæklór, bleikiklór) má ekki selja í ílátum, sem notuð eru undir matvæli eða lyf.

Ef bleikivatn er selt í smásölu í glerflöskum, skulu þær vera sexstrengdar og/eða rífflaðar og með tryggilegum tappa. Ef bleikivatn er selt í smásölu í plast-ílátum, skulu þau vera með öðrum lit en hvítum (þar á meðal glærum) eða gulum og með tryggilegum tappa.

Á ílátum undir bleikivatn skal vera **gulur merkimiði**. Á merkimiðanum skal auk nafns framleiðanda (seljanda) greina heiti vörunnar (bleikivatn, bleikiklór eða blæklór) og styrkleika í hundraðshlutum. Á merkimiða mega ekki vera myndir eða merki önnur en nafnmerki fyrirtækis.

Á ílátum undir bleikivatn skulu enn fremur vera eftirtalin varnaðarmerki:

Varnaðarmerki B: VARÚÐ—HÆTTULEGT
(sbr. viðauka 1)

Varnaðarmerki E: Má ekki geyma hjá eða hella í ílát, sem notuð eru undir (sbr. viðauka 1) matvæli eða lyf. Geymið þar, sem börn ná ekki til.

Ákvæði þessi eiga ekki við, ef látið er úti minna en 30 ml af bleikivatni.

4. gr.

NATRIUMHÝDROXÍÐ (vítissóði) og KALÍUMHÝDROXÍÐ

Natriumhýdroxíð (vítissóða) og kalíumhýdroxíð má ekki selja í ílátum, sem notuð eru undir matvæli eða lyf.

Ef natriumdýdroxíð eða kalíumhýdroxíð eru seld í smásölu í föstu formi, skal selja efnin í blikkdósnum með tryggilega smelltu loki. Ef natriumhýdroxíð eða kalíumhýdroxíð eru seld í smásölu í lausn, sem er meira en 3% að styrkleika, skal selja efnin í plastílátum, sem eru með öðrum lit, en hvítum (þar á meðal glærum) eða gulum og með tryggilegum tappa, eða í glerflöskum, sem eru sexstrendar og/ eða rifflaðar og með tryggilegum tappa.

Á ílátum undir natriumhýdroxíð og kalíumhýdroxíð skal vera **gulur merkimiði**. Á merkimiðanum skal auk nafns framleiðanda (seljanda) greina heiti vörunnar og styrkleika í hundradshlutum, ef um lausnir er að ræða. Á merkimiða mega ekki vera myndir eða merki önnur en nafnmerki fyrirtækis.

Á ílátum undir natriumhýdroxíð og kalíumhýdroxíð skulu enn fremur vera eftirtalin varnaðarmerki:

Varnaðarmerki A: Hvít eða ljós hauskúpa á svörtum grunni, og skal orðið (sbr. viðauka 1) EFTUR letrað með stórum hvítum eða ljósum stöfum á grunninn fyrir neðan hauskúpuna. (Varnaðarmerki A-flokks, sbr. reglugerð nr. 132/1971).

Varnaðarmerki D: Má ekki geyma hjá eða hella í ílát, sem notuð eru undir (sbr. viðauka 1) matvæli eða lyf. Andið ekki að yður innihaldinu.
Neytið þess ekki, né látið það liggja á húð. Geymið þar, sem börn ná ekki til.

Natriumhýdroxíð og kalíumhýdroxíð má ekki hafa á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

5. gr.

UM MERKIMIÐA OG VARNAÐARMERKI

Stærð merkimiða og varnaðarmerkja skal vera breytileg í blutfalli við stærð íláta þannig, að auðvelt sé að lesa, hvað á þeim greinir. Gerð varnaðarmerkja er sýnd í viðauka 1 við reglugerð þessa.

Heimilt er að hafa varnaðarmerki og merkimiða prentaða í samhengi enda séu varnaðarmerki og merkimiðar í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og samþykki eiturefnanefndar komi til.

6. gr.

MÁLMEÐFERÐ OG VIÐURLÖG

Með brot á ákvæðum reglugerðar þessarar skal fara að hætti opinberra mála.

Fyrir brot gegn reglugerð þessari skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggji við skv. lögum. Sé brot ítrekað eða stórfellt, þá má refsa með varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum.

7. gr.

GILDISTAKA

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast gildi 1. júlí 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Viðauki 1.

VARNAÐARMERKI



VARNAÐARMERKI A

VARÚÐ – HÆTTULEGT

VARNAÐAR-
MERKI B

HÆTTULEGT AÐ NEYTA ÓÞYNNT

VARNAÐARMERKI C
(Rautt letur á ljósum grunni)

MÁ EKKI GEYMA HJÁ EÐA HELLA Í ÍLÁT, SEM NOTUÐ ERU UNDIR MATVÆLI EÐA LYF. ANDIÐ EKKI AÐ YÐUR INNIHALDINU, NEYTIÐ ÞESS EKKI NÉ LÁTIÐ ÞAÐ LIGGJA Á HÚÐ. GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

VARNAÐARMERKI D
(Rautt letur á ljósum grunni)

**MÁ EKKI GEYMA HJÁ EÐA HELLA Í
ÍLÁT, SEM NOTUÐ ERU UNDIR
MATVÆLI EÐA LYF.
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

VARNAÐARMERKI E
(Rautt letur á ljósum grunni)

**VARÚÐ
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

VARNAÐARMERKI F
(Rautt letur á ljósum grunni)

REGLUGERÐ

um tannsmíði.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem tannsmiður hér á landi og kalla sig tannsmið hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Tannsmiðaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisfyrirvöld viðurkenna.

3. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi lokið prófi, sem sé samþærilegt við próf úr viðurkenndum tannsmiðaskóla skv. 2. gr.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir starfsleyfi eða löggildingu skv. 3. gr., að umsækjandi hafi meðmæli Tannsmiðafélags Íslands og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði, sem á hverjum tíma eru sett fyrir atvinnuleyfi hér á landi.

5. gr.

Tannsmiðir geta annað hvort starfað sem aðstoðarmenn tannlækna eða stundað starf sitt sem sjálfstæða atvinnugrein, en alltaf með þeirri takmörkun, að þeir mega ekki vinna við sjúkling, hvorki við mótatöku eða mátun.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til tannsmiðastarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64 1971 um tækni-menntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.